

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 08 – 2024

Staður: Teams

Tími: þriðjudagur 1. október 2024 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Ingiberg Daði Kjartansson, Daði Már Kristófersson, Isabel C. Barrio, Haukur Þórðarson, Áshildur Bragadóttir, Jóhanna Gísladóttir, Þórunn Jónsdóttir, Birgir Þór Haraldsson, Jón Björn Blöndal, Jón Bjarnason, Guðrún Tryggvadóttir. Theodóra Ragnarsdóttir rekstrarstjóri sat fundinn undir lið 3.

Varamönnum var boðið að sitja fundinn og var full mæting.

1. Ábyrgð og starfsemi háskólaráðs – örnámskeið – Þórunn Jónsdóttir

Farið var yfir ábyrgð og starfsemi háskólaráðs í samræmi við starfsreglur háskólaráðs. Þórunn Jónsdóttir hélt utan um fræðsluna.

2. Reglur Lbhí

Unnið er að breytingum á skipuriti Lbhí og samhliða þarf að uppfæra Reglur Lbhí. Breytingartillögur voru sendar út fyrir fundinn og var farið yfir þær. Góðar umræður voru um breytingartillögurnar og komu fram tillögur um að halda brautarskipan sveigjanlegri þannig að hún endurspegli faglegar þarfir, rekstrargrundvöll og umfang starfseminnar á hverjum tíma. Það væri þá að tillögu deildar og háð samþykki háskólaráðs. Þá var rætt um hvort gera ætti kröfu um akademískt hæfi í 12. gr. í stað þess að gera kröfu um prófessora og dósentu með lektora sem möguleika. Þá var rætt hvort orðalag gæti verið almennt til að auka sveigjanleikann t.d. varðandi tillögu um að sameina kennsluskrifstofu og alþjóðasvið í eina stoðeiningu. Einnig var umræða um hvort kjósa eða ráða ætti deildarforseta og kennsluforseta og var ráðið frekar á því að ráða ætti báða aðila, þótt þeir kæmu mögulega úr hópi núverandi starfsfólks. Farið verður yfir reglurnar á starfsmannafundi á mánudaginn 7. október kl. 13. Aðalfulltrúar í háskólaráði munu fá sent fundarboð og geta vonandi tekið þátt.

3. Fjármál / áætlun um innviðauppbýggingu, staða Jarðræktarmiðstöðvar

Rekstrarstjóri kom inn á fundinn og fór yfir stöðu fjármála. Staðan er í góðu jafnvægi. Innviðauppbýgging er á nokkrum sviðum, stærstu verkefni framundan eru uppbýgging á Hestbúinu og Jarðræktarmiðstöðin. Ferlið í kringum Jarðræktarmiðstöðina gengur hægar en gert var ráð fyrir en við erum í stöðugu sambandi við fulltrúa okkar í HVIN.

4. Samstarfssjóður háskólanna

Unnið er að nokkrum umsóknum í Samstarfssjóð háskólanna, en frestur til að senda inn umsóknir er til 15. október. Lbhí leiðir a.m.k. þrjár umsóknir um skipulagsfræði, dýralæknanáám og önnur samstarfstækifæri Lbhí, HÍ og Keldna og hátækni í landbúnaði í samstarfi við HR og HÍ. Þá höfum við tekið þátt í undirbúningi verkefna sem leidd eru af öðrum sem snúa að Loftslagssetri, Gagnís, Siðfræðistofnun, lagareldi og auknu samstarfi við Háskólann við Bifröst.

5. Til upplýsingar

Háskólaráðsfulltrúum er velkomið að taka þátt í viðburðum sem eru framundan. Þeir eru beðnir um að láta vita ef áhugi er til staðar.

- a. UNIGreen fundur á Íslandi 14.-16. okt.
- b. Fundur með Matís 16. okt.
- c. Arctic Circle – málstofa og móttaka 17. okt.
- d. Haustferð starfsfólks í Lambhaga 22. okt.

RIP